

Þróunarverkefni unnið skólaárið 2017-2018

Hofsstaðaskóli

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnis
Fyrirlestur um lesskilning nemenda -
Sex lyklar að lesskilningi
2017-2018

Verkefnið vann: Margrét Einarsdóttir og tengiliður var Margrét Harðardóttir

Markmið verkefnisins:

- Að fræða foreldra nemenda á yngra og miðstigi um hvað felst í lesskilning.
- Að efla samstarf á milli foreldra og nemenda og foreldra og kennara.
- Að efla lestrarfærni nemenda.
- Að efla virkni nemenda í námi.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum, þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis

Útbúinn var fyrirlestur á glærum fyrir foreldra nemenda á yngra og miðstigi.

Framkvæmd, tímaplan og afrakstur verkefnis í júní 2018

Ágúst – september	Undirbúningur verkefnis, bækur skoðaðar um lesskilning. Upplýsingaöflun og hugmyndavinna. Valdar fræðibækur til að vinna með.
Október – nóvember	Áhersla lögð á yngra og miðstig. Fræðibækur lesnar og glósur teknar. Flokkun á aðalatriðum í fyrirlestrinum.
Desember –janúar	Fræðibækurnar þýddar. Aðalatriði flokkuð niður. Forgangsraðað og einfaldað fyrir hlustendur.
Febrúar – mars	Power point glæsur settar upp Fyrirlesturinn settur í neðanmálsdálkinn
Apríl - maí	Lesið yfir m.t.t. stafsetningar og útlits Kynnti mér lesskilningsverkefni til að vinna með. Valdi út lesskilningsverkefni og setti inn í glæruformið.
Júní	Fyrirlesturinn fluttur fyrir valda kennara og athugasemdir fengnar. Glærurnar lagfærðar og endurskoðaðar í kjölfarið á því. Bætt og breytt.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Tímaáætlun stóðst og vinna gekk nokkurn veginn eftir áætlun.

Mat á verkefninu

Verkefnið var lesið yfir og endurskoðað reglulega. Fyrirlestur var haldinn fyrir valda kennara og athugasemdir fengnar og nokkrir þættir endurskoðaðir.

Ráðstöfun styrks:

Heildarupphæð 300.000 krónur í launakostnað.

Afrakstur

Afrakstur verkefnisins er glærufyrirlestur um lesskilning.

Ávinningur verkefnisins fyrir skólann:

Aukin færni foreldra og nemenda í að vinna með lesskilning. Samvinna við foreldra.

Kynning

Kynning á verkefninu fór fram í vor í litlum starfsmannahópi. Það verður líka kynnt í október 2018 á samstarfsdegi skólanna í Garðabæ.

Hofsstaðskóli, í september 2018

Margrét Einarsdóttir